

## Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2011, miðvikudaginn 3. ágúst 2011. júlí 2011, kl. 16,00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Lúðvík Erni Steinarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2011

Knattspyrnudeild Víkings Ólafsvík f.h. Ejub Purisevic

gegn

Aga og úrskurðarnefnd K.S.Í.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

### **dómur**

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Lúðvík Örn Steinarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður Aganefndar var kveðinn upp 27. júlí 2011, þar sem Ejub Perusevic var úrskurðaður í þriggja leikja bann.

Áfrýjandi krefst þess að refsing Ejubs verði eins leiks bann en til vara tveggja leikja bann.

Stefndi krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð K.S.Í. um aga og úrskurðarmál skal aganefndin úrskurðað um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og það hefur nefndin gert í máli þessu.

Í grein 6.2. í tilvitnaðri reglugerð eru ákvæði um að leikmaður, þjálfari eða forráðamaður sem fær brottvísun hafi heimild til athugasemda við brottvísunina innan sólarhings frá því leik lýkur.

Athugasemdir áfrýjanda við skýrslu dómara leiksins lágu fyrir þegar Aga og úrskurðarnefnd úrskurðaði í málinu. Koma athugasemdirnar jafnframt fram, ásamt viðbótarrökstuðningi, í áfrýjunarskjalinu.

Samkvæmt gr. 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dómin, né skulu þar fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dóminum er þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum.

Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess hér að frá nefndri meginreglu verði vikið.

Fram kemur í skýrslu dómara leiksins að Ejub hafi gerst sekur um óþrúðmannlega framkomu gagnvart dómara og aðstoðardómar í leik Víkings Ólafsvíkur og Fjölnis 22. júlí sl. Á grundvelli skýrslu dómarans var Ejub, sem er þjálfari Víkings Ólafsvíkur, dæmdur í þriggja leikja bann.

Áfrýjandi hefur lagt fram ný skjöl í málinu. Annars vegar yfirlýsing öryggisstjóra Ólafsvíkurvallar og hins vegar yfirlýsingu starfsmanna á varamannabekk Víkings Ólafsvíkur. Skjöl þessi hafa ekki þýðingu við úrlausn málsins.

Dómurinn telur ekkert fram komið í gögnum málsins sem þykir gefa tilefni til að víkja til hliðar eða milda ákvörðun Aga og úrskurðarnefndar í málinu og verður því sú ákvörðun um að Ejub Purisevic sé dæmdur í þriggja leikja bann staðfest.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Sigurður G. Guðjónsson

Guðmundur Pétursson

Lúðvík Örn Steinarsson